

## Ertu nati(ð)/n(n)?

### Um færni, siðferði og fagmennsku á tímum tæknilegrar skynsemishyggju

Viðar Halldórsson

Prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

#### Ágrip

Þróun hugmynda félagsfræðilegra kennismiða um árangursrík vinnubrögð ná aftur til aldamóta tuttugustu aldar. Kennismiður eins og Thorstein Veblen, Howard S. Becker, Donald Harper, Richard Sennett, Gary Alan Fine, og Þórólfur Þórlindsson hafa þróað kenningar um vinnubrögð sem byggjast á færni, siðferði og fagmennsku, á ólíkum sviðum samfélagsins eins og í handverki, listum, sjómennsku og vísindum – svo dæmi séu tekin. Þessi kenningarlega nálgun byggir á fornum hugmyndum um vinnubrögð sem á ensku eru þekkt undir hugtakinu *craftsmanship*, sem ég þýði sem *natni*. Hugtakið hefur í fræðilegu samhengi sem og í almennri notkun fyrst og fremst náð til verklegra athafna tengdum handverki, með áherslu á tengsl huga og handar. Um miðbik síðustu aldar útvíkkaði bandaríski félagsfræðingurinn C. Wright Mills þessar hugmyndir og brýndi fyrir félagsvísindafólki að temja sér það sem hann nefndi *vitsmunalega natni* (e. intellectual craftsmanship). Í þessari grein verða færð rök fyrir því að háskólar þurfi að bregðast við vaxandi áskorunum framtíðarsamfélags tæknilegrar skynsemishyggju með því að leita í sérstöðu mannlegra vinnubragða og finna má í natnikenningum. Lögð er áhersla á þrjá meginþætti vitsmunalegrar natni: *hugarfar*, *athafnir* og *félagslegt andrúmsloft*, sem mynda hugmyndafræðilegan- og siðferðislegan grunn fyrir uppbyggingu vandaðra, ígrundaðra og árangursríkra vinnubragða. Upplegg þessarar greinar er með öðrum orðum að færa rök fyrir því að natnikenningar geti reynst háskólum mikilvægar í að takast á við krefjandi tíma og þá miklu óvissu sem framundan er, hvort sem er vegna áskorana sökum hraðrar tækniþróunar – eins og gervigreindar – eða vegna vaxandi gagnrýni og þverrandi virðingar fyrir akademísku starfi og stöðu háskóla almennt. Vinnubrögð sem byggja á natni ættu að vera leiðarljós í öllu akademísku starfi, hvort sem er hjá fræðafólki eða nemendum. Því er mikilvægt að draga þessar sögulegu kenningar fram í dagsljósið og þróa þær enn frekar nú þegar umræða um hlutverk háskóla í framtíðarsamfélagi tæknilegrar skynsemishyggju er ekki lengur umflúin.

**Lykilorð:** Vitsmunaleg natni, tæknileg skynsemishyggja, háskólar, C. Wright Mills, félagsvísindi.